



STÖÐUSKÝRSLA

22. ágúst, 2014 Bárðarbunga



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

- Meginatriði:**
- Stöðug jarðskjálftavirkni
 - TF-SIF flaug yfir jökulinn og lokaða svæðið á miðvikudag
 - Fundir á Húsavík, með viðbragðs- og hagsmunaaðilum á Egilsstöðum
 - Íbúafundur í Öxarfirði
 - Hættustig áfram í gildi norðan Vatnajökuls

Samhæfingarstöðin Samhæfingarstöðin í Skógarhlíð hefur verið að störfum síðan ákveðið var að loka hálendinu vegna jarðskjálftahrinunnar í Bárðarbungu þann 19. ágúst 2014. Þar fer fram samhæfing aðgerða og upplýsingagjöf vegna jarðhræringanna kringum Bárðarbungu.

Skjálftavirkni: Skjálftavirkni við Bárðarbungu og Dyngjujökul er enn mikil. Þó dró nokkuð úr henni upp úr kl. tvö í nótt. Hátt í fjögur hundruð skjálftar hafa mælst sjálfvirkt síðan á miðnætti og sem fyrr er langstærstur hluti þeirra staðsettur austan Bárðarbungu, við kvikuinnskotið. Flestir skjálftarnir sem farið hefur verið yfir eru á miklu dýpi, 8-12 km, en þó hafa örfáir grynri verið staðsettir upp á tæplega 4 km dýpi, allra austast/nyrst. Skjálftavirknin virðist að hluta hafa færst lítið eitt til norðurs, óverulega þó. Rétt fyrir miðnætti í gærkvöld, klukkan 23:50:22, varð (lág tíðni) skjálfti við Bárðarbungu, við í suðaustanverðri öskjunni og mældist hann 4,8 stig (mb 4,7skv. EMSC og mb 4,8 skv. NEIC; VÍ-alert-stærð var einnig 4,7). Einn til viðbótar náðir stærðinni M 3. Aðrir hafa verið litlir.

Ferðir eftirlits- og vísindamanna: Eftir flug flugvélar Landhelgisgæslunnar 20. ágúst, eru vísindamenn enn betur í stakk búnir til að kortleggja svæðið og nálgast betri gögn, en TF SIF býr yfir sérstöðum búnaði til eftirlits með breytingum á yfirborði jökulsins og til vöktunar á flóðum. Með aðgengi að SIF eru vísindamenn nú í mun betri aðstöðu til eftirlits með umbrotunum og framvindu flóðs ef til kemur.

Vísindamenn frá Veðurstofunni hafa verið á ferð á jöklinum í gær, annars vegar við Hamarinn og hins vegar í nánd við Dyngjujökul. Tilgangur ferðarinnar var að koma fyrir jarðskjálftamælum og GPS stöðvum. Þá hafa vatnamælingamenn verið við störf á lokaða svæðinu.

Fundur og samstarf: Í gær var fundur með Landmælingum Íslands, Póst- og fjarskiptastofnun, Þjóðskrá og Landgræðslunni til að samhæfa aðgerðir. Þá var fundur viðbragðs- og hagsmunaaðila haldinn á Húsavík. Þar voru fulltrúar almannavarna, lögreglu á Húsavík og vísindamanna og gerðu þeir grein fyrir stöðunni á áhrifasvæði hugsanlegs flóðs og fóru yfir aðgerðir síðustu daga. Fundinn sátu einnig fulltrúar frá sveitarfélögum, bændum, heilbrigðiskerfinu og fleirum. Sams konar fundur var í dag föstudag, kl.

09:00, í húsi björgunarsveitarinnar við Miðás á Egilsstöðum. Í gærkvöldi var íbúafundur í Öxarfirði Öxarfjarðarskóla. Nú í morgunsárið var einning haldin fjarfundur með almannavarnaryfirvöldum á Norðurlöndunum.

Raforkuferfið

Viðbragðsáætlanir Landsnets vegna eldgosa og náttúruhamfara hafa verið yfirfarnar og búið að gera ráðstafanir vegna varafis á þeim svæðum sem gætu orðið straumlaus ef flutningslínur gefa sig, komi til eldsumbrota í norðanverðum Vatnajökli. Hjá Landsneti eru það helst flutningsvirkin, eða línurnar sem geta skemmst í slíkum hamförum sem gætu orðið í kjölfar eldgoss. Á hættusvæðinu á Norðausturlandi er annars vegar um að ræða Byggðalínuna og hins vegar flutningslínur í svæðiskerfinu, s.s. eins og Kópaskerslínu. Í samvinnu við RARIK hefur verið gripið til ráðstafana til að hafa tiltækt varafli á svæðinu með rekstri díselstöðva en ekki er útlokað að grípa þurfi til einhverra skerðinga, t.d. ef Byggðalínan gæfi sig.

Lokaða svæðið:

Björgunarsveitir og lögregla vakta lokaða svæðið. Eftirfarandi hálendisvegir eru lokaðir í samráði við Almannavarnir: F- 910 Austurleið (Dyngjufjallaleið), F903 Hvannalindavegur, F902 Kverkfjallaleið, F905 Arnardalsleið og F88 Öskjuleið. Hægt er að nálgast kort með lokunum á vefsíðu Vegagerðarinnar á slóðinni <http://www.vegagerdin.is/media/umferd-og-faerd/Halendi.pdf> og hjá Landmælingum http://atlas.lmi.is/bardarbunga/halendid_lokun1.jpg

Upplýsingar:

Fjölmiðlateymi er að störfum í Samhæfingarstöðinni sem veitir upplýsingar og svarar fyrirspurnum. Netfangið hjá fjölmiðlateyminu er info@sst.is og símar 570 2643/44. www.safetravel.is upplýsingasíða Landsbjargar er uppfærð reglulega.

Næsta stöðuskýrsla:

Stöðuskýrslur verða sendar frá Samhæfingarstöðinni daglega og eftir atvikum oftár á meðan þetta ástand varir.

Ríkislögreglustjórinn almannavarnadeild

www.almannavarnir.is